

## Hverfisnefnd Naustahverfis

### 14 fundur haldinn að Hólatúni 4 þann 15.01.2009 kl. 20:00

Mættir: Hrafnhildur, Ólöf Inga, Bjarni, Anna Sjöfn, Sigurður, Gísli Rúnar og Björk

Dagskrá:

1. Umræða um grunna við Stekkjartún. Búið er að fylla upp í grunna í húsum nr. 26, 28 og 30. Ekki er enn komið í ljós hvað verður gert í blokkum með húsnúmer 32 og 34.
2. Kjarnagata er enn að síga en til stendur að setja upp ljósastaura fljótlega. Beðið verður með malbikun.
3. Hrafnhildur fór yfir óskalistann okkar.
  - Dalsbraut ekki á 3 ára áætlun.
  - Strætósamgöngur. Beðið um að fá strætó um helgar og á kvöldin. Framkv Ak. tóku vel í að skoða það.
  - Hverfisvöllurinn við Ljómatún verður ekki byggður. Gera á völlum við Ásatún og Hólatún. Rita á formlegt erindi þar sem óskað er eftir að Ljómatúnsvöllurinn verði á undan þar sem það mundi nýtast hverfinu betur.
  - Búið er að setja upp öll biðskyldumerki sem vera eiga í hverfinu. Nefndarmenn lýstu furðu sinni yfir þessu og vilja sjá biðskylduna meira notaða.
  - Byrja á að malbika í Tjarnartúni, Baugatúni og þeim götum. Kjarnagatan verður látin bíða.
  - Skilti fyrir hraðamerkingar eru komnar í hverfin.
  - Vinnuskólinn verður starfræktur í hverfinu næsta sumar.
  - Búið að sá í hljóðmönina rétt við Stekkjartúnið.
  - Lofað var að moka gangstéttar í Kjarnagötu.
4. Formannafundur verður nk. mánudag. Hugmynd að auglýsa í dagskránni og kynna hverfisnefndir Akureyrarbæjar. Nefndarmönnum leist vel á þá hugmynd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30

Björk Guðmundsdóttir